



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþingi Kristnihátíðarnefndar
í Ráðhúsi Reykjavíkur
22. nóvember 1997

Heiðruðu málþingsgestir

Í aðdraganda þjóðhátíðar á Þingvöllum þegar Íslendingar minntust 1000 ára byggðar í landinu og konungur steig í fyrsta sinn fæti á íslenska grund þá var samtenging sögu og kristni, þjóðar og trúar svo rík í huga að upphaf hátíðarhalda var „opinber guðþjónustugjörð á öllu Íslandi árið 1874 í minningu þess, að Ísland þá hefir verið byggt í 1000 ár” eins og sagði í fyrimælum Kirkju- og kennslustjórnarinnar í Kaupmannahöfn.

Í umburðarbréfi biskups til allra héraðsprófasta var síðan tiltekinn ræðutextinn úr Davíðssálmum: „Komið aftur, þér mannanna börn! Því þúsund ár eru fyrir þínum augum sem dagurinn í gær, þá hann er liðinn, og eins og næturvaka. Kenn oss svo að telja vora daga, að vér verðum forsjálir.”

Annan dag ágústmánaðar 1874 lagði svo biskupinn herra Pétur Pétursson út af þessum texta við hátíðarguðþjónustu í Dómkirkjunni að viðstöddum Kristjáni konungi IX, Valdimari prins og öðrum tignum gestum Íslendinga:

„ Á hinum seinastliðnu þúsund árum hafa mörg völdug ríki eyðzt og margar völdugar þjóðir misst þjóðerni sitt og mál fedra sinna; en guðs náð er það að þakka, að vor fámenna þjóð lifir enn, að þjóðerni vort hefir viðhaldizt og hið fagra, norræna mál lifir enn á vörum vorum.

En eins og guð hefir viðhaldið landi voru og lýð allt fram á þennan dag, eins og hann í tímanlegum efnun hefir verið athvarf vort frá kyni til kyns, eins hefir hans eilífa föðurgæzka séð fyrir vorum andlegu og eilífu þörfum.

Stutta stund hafði land þetta verið byggt, þegar hann lét ljós kristilegrar trúar tvístra myrkrum heiðninnar, og þegar myrkur miðaldanna ætluðu einnig hjá oss að slökkva andlegt ljós og líf, lét hann siðabót Lúthers aftur eyða villu og vanþekkingu og gaf oss sitt orð í heilagri ritningu til að vera ljós á vorum vegum og lampa vorra fóta.”

Þessi orð Péturs biskups við upphaf þjóðhátíðar sýna hve samofin kristni og menning hafa verið í vitund Íslendinga.

Sams konar staðfesting þessarar samtvinnunar birtist í ræðum Jóns Helgasonar biskups og Ásgeirs Ásgeirssonar forseta Alþingis á Þingvöllum árið 1930 þegar þjóðhátíð var haldin á ný til að fagna því að Alþingi hafði þá náð sama áfanga og byggðin í landinu, 1000 ára sögu.

Í predikun sinni í Almannagjá minnti Jón Helgason biskup á að senn myndi kristnin tengjast landnámi og Alþingi og fagna 1000 ára sögu trúar á boðskap Jesú Krists í landi okkar. Jón biskup sagði:

„En þegar ég minnst náðar guðs við þjóð vora um raðir aldanna, sé ég þar dýrlegastan vott guðs „náðar á náð ofan” við oss, að fagnaðarmál Jesú Krists hefir hljómað í senn 1000 ár með þjóð vorri, allt frá þeim degi, er leitt var í lög á þessum stað af Alþingi, að þjóðin skyldi játast Kristi Jesú sem konungi sínum og drottni. Og þetta dreg ég fram sérstaklega við þetta tækifæri, að ógleymdu öllu því, sem með hollri löggjöf og viturlegri lagasetningu hefir verið unnið landi voru og þjóð til hamingju og blessunar, ekki hvað sízt síðan er þjóðin sjálf tók aftur að geta notað húsbóndarétt sinn á þjóðarheimilinu.”

Ásgeir Ásgeirsson forseti Alþingis og síðar annar forseti lýðveldisins flutti svo í áheyrn þúsundanna ræðu sem í hugum margra var hápunktur Alþingishátíðarinnar á Þingvöllum. Þar vék hann að fyrirmyndinni og leiðsögninni sem kristnitakan veitti um lausn erfiðra mála, um braut friðar og sátta:

„Kristnitakan varð þekraun hins nýja skipulags. Þjóðin skiptist í tvo harðsnúna flokka, kristna menn og heiðna. Það var ekki útlit fyrir annað en að þjóðin mundi klofna í tvö ríki og af því leiða borgarastyrjöld. En slík stjórnvísi var höfðingjum landsins í brjóst lagin, að sú hörmungasaga gerðist ekki að því sinni. Lögsögumennirnir, sem kosnir voru af

hvorum flokki, Þorgeir Ljósveitningagoði og Hallur af Síðu, vizkan og göfgin, sveigðu toppana saman, svo að af varð full sátt. Lögin mátti eigi slíta sundur. Þau urðu að vera ein fyrir alla. Þannig var kristnin lögtekin fyrir tilstilli Þorgeirs hins spaka, sem lá hugsi þrjú dægur undir feldinum, og Halls hins góða, sem vildi eiga Michael engil að vin, af því að hann mat meira allt það, sem vel var gert. Á því þingi hafa fleiri verið, sem létu vitsmuni stýra tilfinningum sínum, en Snorri goði, er spurði, hverju goðin reiddust, þá er jörð brann, „þar sem nú stöndum vér“. Þetta var kristnitaka með öðrum hætti en hjá þeim þjóðhöfðingjum, sem ráku sigraða menn út í ár og vötn til skírnar. Varðveizla allsherjarríkis, án borgarastyrjaldar, réð úrslitum, og síðan hafa heiðni og kristni búið saman með einstæðum hætti í landinu til þessa dags, Íslendingasögur og guðspjöll, manndómur og mannúð. Lausnin var þinglegt snilldarverk og jafnframt menningarlegt. Þjóðareðlið býr að því allt til þessa dags.”

Heiðruðu málþingsgestir.

Ég hef kosið við upphaf samræðna í Ráðhúsi Reykjavíkur að minna á texta biskupanna Péturs Péturssonar og Jóns Helgasonar og texta Ásgeirs Ásgeirssonar forseta, sem fluttir voru þegar þjóðin, þá fámennari og vanbúnari að efnum og lífsgæðum en á okkar dögum, ákvað að hefja í hæðir 1000 ára sögu landnáms og Alþingis. Þessir textar minna okkur á að í vitund oddvita og alls almennings var og er 1000 ára hátíð á Þingvöllum þríheilög: landnám, þing og kristni.

Sá mælikvarði sem okkur er færður er því ekki aðeins hvað hæfir í samtímanum heldur felst einnig í honum að við munum, að þremur árum liðnum, verða að þola samanburð við hina fyrri mannfagnaði sem helgaðir voru 1000 ára viðburðaríkri sögu Íslendinga. Kristnihátíð á Þingvöllum verður því að fullkomna með sóma 1000 ára þrenninguna: landnám, þing og kristni.

Orð herra Pétur biskups í Dómkirkjunni 2. ágúst þjóðhátíðarárið eiga svo sannarlega einnig við okkar hlutskipti:

„Nú er dómstíð; í sumar sjá aðrar þjóðir, hvort vér erum verðir að heita þjóð eða ekki. Tíminn er stuttur, vér erum fámennir og strjálir, oss vantar auðæfi og öfl ríkra þjóða. En lítið má laglega fara, og mikið verður ekki af oss heimtað.

Notum aðeins tímann vel; í tímanum og af honum verðum vér fyrst dæmdir.”

Kristnihátíð árið 2000 verður í senn helgistund trúarsögu og kristni og um leið fyrirheit um framtíðina. Hún mun endurspegla þá sjálfsmynd sem þjóð og kirkja móta í sameiningu.

Kristnihátíðin mun, enn frekar en Alþingishátíðin og Þjóðhátíðin 1874, kalla á slíkar áherslur því hún fellur saman við vegamót árpúsunda þegar mannkyn allt verður upptendrað af tímamótum sem síðast urðu þá er víkingar forfeður vorir fundu álfu í vestri.

Kristnihátíð sem haldin er við upphaf nýrrar aldar og þegar mannkyn samkvæmt tímatali Kristsfæðingar öðru sinni heldur til móts við nýtt árpúsund – sú kristnihátíð verður óhjákvæmilega vettvangur áleitinna spurninga um vegferð okkar og markmið, um ávöxtun okkar punds, um varðveislu okkar á lífríki jarðarinnar, á sjálfu sköpunarverkinu í allri þess dýrð.

Hver eru við? Hvert ætlum við? Hverju þjóna tæknin og vísindin sem gáfur og atorka hafa getið af sér? Hvernig skiptum við gæðunum í þágu bræðra og systra víða um veröld? Hvert er erindi Íslendinga, íslenskrar þjóðkirkju, við þær miljónir sem deila með okkur dvöl í þorpinu Jörð?

Eru saga okkar og ætlunarverk svo ríkulega mótuð af boðskap og siðgæði kristninnar að við þolum þá sjálfsmynd sem kastljós hátíðarinnar mun varpa um veröldina?

Þessum spurningum verður að vísu ekki svarað til fullnustu hér í dag, en vonandi verður málþing okkar framlag til þeirrar umræðu sem óhjákvæmileg er til að hátíðarhöldin öðlist inntak og boðskap sem hæfa í senn 1000 ára kristni þjóðar okkar og einstæðum tímamótum í þróunarferli mannkyns alls.

Að svo mæltu óska ég málþinginu heilla og árangurs í starfi.